

SAMÞYKKT

um niðurrif á þungavinnuvélum, bifreiðum o.þ.h. hlutum í Garðabæ.

1. gr.

Samþykkt þessari er ætlað að tryggja rétta förgun spilliefna og hindra að íbúar verði fyrir óþægindum vegna hávaða, lyktar og óprýði í umhverfi. Partasölur og skyld starfsemi er háð starfsleyfi samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar.

2. gr.

Niðurrif á þungavinnuvélum, bifreiðum o.þ.h. hlutum skal fara fram innandyra og þá á skipulögðum iðnaðarsvæðum. Afmarkað skal geymslusvæði fyrir vélar og bifreiðar, sem biða niðurrifs og eða förgunar, eða geyma þær innandyra. Óheimilt er að nýta almenn bílastæði sem slíka geymslu.

3. gr.

Áður en rekstur partasölu er heimilaður skal liggja fyrir samþykkt byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innandyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olíu né séu til lýta í umhverfi.

4. gr.

Hafa skal fráveitulögn tengda olúgildru frá svæðum, þar sem tæki eru þrífín og niðurrif fer fram. Önnur niðurföll sem hætta er talin á að olía geti borist í skulu einnig tengd olúgildru. Gildran skal vera utandyra og aðgengileg til losunar og eftirlits. Stærð hennar og gerð skal ákveðin í samráði við heilbrigðisfulltrúa.

5. gr.

Forsvarsmaður er ábyrgur fyrir geymslu allra spilliefna og skilum á þeim til förgunar. Halda ber nákvæma skrá yfir þau skil.

6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi partasölur með gildandi starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd skulu uppfylla ákvæði 2. gr. og 3. gr. fyrir 1. janúar 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 15. nóvember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.